


Gunnlaugur Blöndal: Módel. 1962.


heimkomuna til Íslands verða talsverðar breytingar á list Gunnlaugs. Módelmyndirnar sýna nú fullþroska konur fremur en nettar stúlkur (sbr. „Kona við þvottaskál"); formin verða fyllri, litirnir smám saman sterkari, andlitssvipir hörkulegri og stellingar jafnvel djarfari (sbr. „Liggjandi módel", 1961). Hvort þessar breytingar eru eðlileg þróun þess expressionisma sem hann var alla tíð að takast á við, eða endurspegla viðbrögð listamannsins við nýju (og á margan hátt andstæðu) umhverfi, skal ósagt látið; hitt er ljóst að þessi verk vöktu almennt minni hrifningu hér á landi en eldri verkin, og voru þá gjarna kennd við ofhlæði og taumleysi litanna.

Hér skal ekki tekið undir þessi viðhorf. Eflaust má að einhverju leyti rekja þau til þess að nú sáu landsmenn allt sem Gunnlaugur gerði, hið góða jafnt sem það sem síðra var, en meðan hann bjó erlendis barst aðeins það besta til landsins á sýningar; lakari verkin sátu eftir. Jafnframt gerði Gunnlaugur síðustu árin mikinn fjölda andlitsmynda eftir pöntun og hefur slíkt sjaldan verið listamönnum til framdráttar. Sá listamaður er hins vegar ekki til, sem aðeins hefur gert góð verk. Bestu verk Gunnlaugs frá síðustu árum hans, eins og „Módel" (1962) og sjálfsmynd hans frá sama ári eru þannig afar sterk, allt að því tregafull myndverk, þar sem dirska litanna og skörp myndbygging ber vott um snilligáfu, sem hver listamaður gæti verið stoltur af. Gunnlaugur Blöndal hélt því sínu striki allt til enda.

Í sýningarskrá er að finna ágætar ljósmyndir af mörgum helstu verkum á sýningunni, auk ritgerðar Gunnars Kvaran um listamanninn. Skráin er í alla staði vel unnin, en þar sem ferill Gunnlaugs hefur lengi legið í þagnargildi (eina bókin sem gefin hefur verið út um listamanninn kom út 1963) hefði að skaðlausu mátt leggja hér meira í verkið. Skrá yfir æviferil listamannsins og önnur grein um erfiða stöðu hans í íslensku listalífi á fimmta og sjötta áratugnum hefði verið fróðleg lesning, einkum fyrir yngra fólk; það er óvíst hvenær næst gefst tækifæri til að fjalla um list Gunnlaugs líkt og gefst hér.

Sumar sýningar verða öðrum mikilvægari í minningunni, og þó stutt sé liðið á sýningartímann, má leiða líkur að því að yfirlitssýning Listasafns Reykjavíkur á verkum Gunnlaugs Blöndal verði talin ein markverðasta sýningin á íslenskri myndlist á þessu ári. Einkum er athyglisvert að skoða hana með hliðsjón af verkum ýmissa listamálara af yngri kynslóðinni, þar sem meðferð litarins og expressionismin hefur orðið sífellt mikilvægara viðfangsefni hin síðari ár.

Yfirlitssýningin á verkum Gunnlaugs Blöndal á Kjarvalsstöðum stendur til sunnudagsins 17. október og ber að hvetja listunnendur og allan almenning til að láta sýninguna ekki fram hjá sér fara.



Gunnlaugur Blöndal: Stúlka með greiðu. 1937.

list fyrir sjálfa sig þóttu eitthvað skrítnir og alveg sér á báti í þjóðfélaginu.

Ungir líta hlutina nokkrum öðrum augum en við gerðum fyrir 30 til 40 árum, sem má vera ósköp eðlilegt og sem fyrri daginn kemur það meira fyrir áhrif að utan, en breyttum og jarðtengdum viðhorfum hér heima. Á sýningu landslagsmálverka frá fyrri helmingi aldarinnar á Kjarvalsstöðum fyrr á árinu vöktu t.d. myndir þeirra Guðmundar frá Miðdal og Kristinns Péturssonar óvænta athygli og í opnunarhófi þar var mér sagt frá þekktum útlendum málara, er hafði hrifist meir af málverkum Gunnlaugs Blöndals en nokkurs annars á landi hér.

En skyldi það ekki raunhæft í heimi, þar sem gildismatið er á stöðugri hreyfingu og kennir það ekki einhverjum að fara varlega í dómum sínum á samtímalist og dæma hana fremur af yfirsýn og mildi en hroka og yfirlæti?

Hvað sem öðru líður er það ánægjulegt að slíkt gerist einmitt er hundrað ár eru liðin frá fæðingu Gunnlaugs, en hann var mjög umdeildur meðal framsæknari málara um miðbik aldarinnar og lengstum síðan. Flestir viðurkenndu þó, að hann hafi gert eftirminnilegar myndir og að séstaða hans innan íslenzkrar myndlistar væri ótvíræð.

Hér áður fyrr þótti það gamaldags að mála og teikna fyrirsætur og almenningi þótti það satt að segja hálf dónaleg athöfn, sem ástæða þótti að hafa í flimtingum. Jafnvel segir sagan, að er Gunnlaugur málaði stúlku nokkra í fötum, en lét greinilega móta fyrir brjóstunum í gegnum þau lá við að upp spunnust málaferli út af því!

Sjálfur þekkti ég kornunga stúlku, sem hann hafði augastað á sem fyrirsætu vorið 1957, en sagði við mig, að hún vildi ekki fyrir nokkurn mun taka þátt í jafn ósiðlegu athæfi og að bera á sér brjóstin fyrir gamlan karl ...


Í útlöndum hefði mörg konan vafalítið borgað jafn virtum listamanni stórfé fyrir að mála sig berbrjósta, enda varla tiltökumál er svo var liðið á öldina. Lítið land er oftar en ekki gróðurvin fyrir hvers konar fordóma, sem skortir hvorki áburð, ljós né aðra virkt til döngunar. Jafnframt er undirróðurinn mun afdrifaríkari en í stærri þjóðarheildum, sérstaklega ef hlutlægar upplýsingar liggja ekki á lausu og þannig þróast þar hvers konar óeðli og trúboð betur en annars staðar. Einkum í listum.

Gunnlaugur Blöndal var goðsaga í vissum hópi manna, sem leit rómantískum augum á landið og sá það í hillingum, en hér voru einmitt á ferð menn er voru ákafir fylgjendur sjálfstæðis landsins og höfðu barist fyrir því. Þetta voru tímar er söngvarinn Eggert Stefánsson nefndi „Íslands fata morgana". — Árdegishillingar Íslands, og þjóðin var gagntekin frelsisþrá og drauminum um lýðveldi, og á þeim tímum hljómaði einnig slagorðið „samvirk framníng þjóðreisnar" (Laxness).

Þetta var þannig kynslóð morgundagsins í íslenzkri sögu og ekkert var eðilegra en að hún fæddi af sér málara er spann glitvefi úr litaspjaldi sínu, óf úr þeim gagnsæ klæði regnbogans og breiddi yfir landið.

Kynni mín af Gunnlaugi voru næsta lítil, en á móttöku á franska sendiráðinu 14. júlí 1961, kom hann til mín að fyrra bragði og tók þéttingsfast í hönd mér og er það atvik mér einhvern veginn enn í ljósu minni.

Í sínum bestu myndum má segja að Gunnlaugur Blöndal hafi verið afar flínkur málari og fyrir það var hann metinn af samtíð sinni og enginn framúrstefnumálari gat tekið það frá honum. Og nú er listin virðist um sumt vera að losna úr tröllahöndum ljótleikans má vera eðlilegt að fram fari endurmat á lífsverki hans.



Paavo Haavikko

Alþjóðlegasta skáld Finna

FÓSTURJÖRÐIN ER LJÓÐIÐ

EFTIR JÓHANN HJÁLMARSSON

Finnsk ljóðlist hefur löngum verið þróttmikil og Finnar meðal helstu brautryðjenda nútímaljóðlistar á Norðurlöndum. Þetta vita margir Íslendingar þótt ekki hafi alltaf verið kostur á að kynnast finnskum skáldum í þýðingum.

Meðal þeirra sem þýtt hafa finnsk ljóð á undanförnum árum er Lárus Már Björnsson. Í fyrra kom út eftir hann þýðingasafnið Voraldir með ljóðum eftir Solveigu von Schoultz og Gösta Agren. Nýlega sendi hann frá sér Veraldir, en þar eiga ljóð Sirkka Turkka, Lars Huldén, Paavo Haavikko og Martin Enckell. Útgefandi beggja bókanna er Bókmenntafélagið Hringskuggar.

Nýsköpunarmaður

Ljóð Paavos Haavikkos eru orðmörg og myndrík í fyrstu bókunum, en orðfá og myndrík í seinni bókum. „Styrkur hans liggur í myndsköpun máls og myndhverfinga", skrifar Lárus Már um þennan „helsta nýsköpunarmann í finnskri ljóðlist á þessari öld".

Þótt ekki sé unnt að segja að ljóð Haavikkos séu aðgengileg eru í þeim töfrar sem laða lesandann að. Haavikko yrkir oft um náttúruna. Í einu ljóðanna sem Lárus Már þýðir kemur fram sérkennileg afstaða til gróðursins sem vert er að kynnast á umhverfisverndartímum:

> Trjágarðurinn þarf hjálparhönd til að vaxa úr grasi,
> grenitrén.
> Í tvö, kannski fimm ár eru þau okkur þakklát.
> Síðan hljótum við að veita grasinu lið á flótta þess undan trjánum.
> Umhverfis þau verður allt autt,
> tignarlegt.
> Og furan sem óx ein fimmtán ár í kjarri skrýddum lundi
> einn faðmur á hæð, tággrönn, vindbarin, sliguð af snjó,
> gerist ræktarleg um síðir.
> Hún deyðir allt sem hún nær í
> næstu tvö hundruð árin, árvisst.
> Þar sem rætur hennar eru hlýtur hún að vaxa.
> Ekki orð um að það vaxi á röngum stað, tréð.

Hvað sem öllum gróðri líður hlýtur Paavo Haavikkoo að taka undir með mörgum öðrum skáldum: „Ljóðið, ó aðeins ljóðið er fósturjörð mín." Sálin er að vísu tómarúm og maðurinn tóm, jafnt í stríði sem friði, en sú ógnvænlega niðurstaða kallar ekki á algjört vonleysi eða örvæntingu.

Annað starf nauðsynlegt

Paavo Haavikko starfaði lengi sem útgáfustjóri hjá einu af stærstu forlögum Finnlands. Nú er hann forstjóri eigin útgáfufyrirtækis. Hann hefur látið svo ummælt að óhugsandi sé að fást einvörðungu við ritstörf. Nauðsynlegt sé fyrir rithöfund að hafa annað starf til þess að verða ekki bráð algjörrar einangrunar.

Þegar Haavikko fékk alþjóðlegu Neustadt-verðlaunin 1984 sagðist hann í blaðaviðtali nota helgarnar til að semja, en þær nægðu ekki alltaf. Hann er kunnastur fyrir ljóð sín (að blaðagreinum slepptum), en er einnig skáldsagnahöfundur, leikritaskáld og óperutextasmiður.

Sérkenni

Kai Laitinen skrifar í sögu sinni um finnskar nútímabókmenntir að frá alþjóðlegum sjónarhóli sé Haavikko afar mikilvægur höfundur. Það stafi þó ekki af því að hann eigi sér marga líka í bókmenntum annarra þjóða heldur sé ástæðan sérkenni hans. Laitinen nefnir hreyfinguna í ljóðunum, óvænta samsetningu mynda, leik að þverstæðum, hvernig skáldið getur líkt og talað mörgum röddum í senn.

Jafn persónulegur er Haavikko í sögum sínum og leikritum að dómi Laitinens. Í leikritunum var hann absúrdisti áður en sú stefna í leikritagerð náði til Finnlands.

Óöryggi og afstæði tímanna hefur ekkert finnskt skáld eftirstríðsáranna túlkað betur en Haavikko samkvæmt Laitinen. Hann bendir einnig á söguleg yrkisefni skáldsins, fornöld og barokk sem rennur saman við nútímann í ljóðum þess.

Skáldskapurinn tælir lesandann

Í kunnu ljóði um keisarann sem Lárus Már Björnsson hefur tekið upp í þýðingasafn sitt er fjallað um raunveruleika og ímynd, um hugmyndir okkar sem standast ekki alltaf: „ég hef tælt þig af leið, ljúktu upp augum og hlustaðu ekki / á mig/ styrkur keisaradæmisins býr í hjarta þér, þar býr það/ þróttmikið,/ keisaradæmið sem rís og hnígur um leið og deplað er auga.// Það deyr þegar augun opnast."

Í ljóðinu er vikið að því hvernig skáldskapurinn tælir lesandann, blekkir hann, einkum í því skyni að hann geti horfst í augu við sjálfan sig og kannski numið brot af sannleika.